



Gagnsjá Reykjavíkur

Kynning í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði 8. október 2020

Guðbergur R. Ægisson, verkefnastjóri
Þjónustu- og nýsköpunarsvið



Gagnsjá Reykjavíkur

Tillögur í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði:

- Tillaga að útfærslu um Gagnsjá frá 12. desember 2019
- Tillaga um að hafinn verði undirbúningur að opnun Gagnsjá Reykjavíkur frá 11. apríl 2019
- Tillaga um að hefja vinnu við að gera öll gögn á vef Reykjavíkurborgar véllæsileg frá 14. nóvember 2019



Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að opnun Gagnsjár Reykjavíkurborgar. Með Gagnsjá stígi borgin mikilvægt skref að **enn ítarlegri upplýsingamiðlun** til íbúa borgarinnar. Gagnsjáin styðji við markmið borgarinnar um að eiga **frumkvæði** að ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa. Gagnsjáin sé þannig hluti af lýðræðis- og samskiptakerfum borgarinnar, stuðli að **GAGNSÆI**, bættri þjónustu, upplýsingagjöf og auðveldi borgarbúum að hafa samskipti við borgina, falast eftir ítarlegri upplýsingum, koma að ákvarðanatöku og senda ábendingar og tillögur á einfaldan hátt, í samræmi við stöðu máls innan borgarkerfisins. Í Gagnsjá verði t.d. á einfaldan hátt hægt að sjá stöðu mála og yfirlit yfir mál hvers kjörins fulltrúa ásamt fylgigögnum og tengingu við skyld mál. Einnig nái Gagnsjá yfir önnur mál borgarinnar sem eru ekki undir trúnaði eða falla undir persónuvernd.




Framtíðarsýn

- Gagnsjá verði kerfi sem veitir íbúum innsýn inn í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
- Í Gagnsjá verði hægt að sjá yfirlit yfir mál sem eru í vinnslu í borgarkerfinu, sem ekki eru undir trúnaði eða falla undir persónuvernd, og stöðu þeirra.
- Hægt verði að sjá hvort staða máls bjóði uppá tækifæri fyrir íbúa til að bregðast við og eiga hlutdeild í ákvarðanatöku.
- Hægt verði að sjá hver ferill mála sé innan borgarkerfisins og hver séu næstu skref.
- Hægt verði að sjá yfirlit yfir öll mál kjörinna fulltrúa, s.s. tillögur, fyrirspurnir og bókanir, og afdrif þeirra.
- Hægt verði að nota leitarvél til að finna upplýsingar í fundargerðum, minnisblöðum, stefnum, skýrslum o.s.frv.
- Hægt verði að vakta ákveðin mál eða málaflokk og fá tilkynningu þegar staða breytist.
- Þá verði hægt að tengjast öðrum gáttum borgarinnar til að senda inn tillögur, ábendingar, eða umsagnir um mál.



Hlaðan og Gagnsjá

- Þróun Gagnsjár tengist beint innleiðingu Hlöðunnar
- Öll gögn sem eiga að birtast í Gagnsjá þurfa að koma úr Hlöðunni
- Framundan er greiningarvinna – ferlar og verklag. Hverju þarf að breyta og samræma til að ná fram markmiðum um Gagnsjá?
- Skráning á skjölum í stjórnsýslunni
- Prófanir eru að hefjast á fundarumsjónarkerfi Hlöðunnar með skrifstofu borgarstjórnar





Núverandi staða

- ✓ Erum að miðla mikið af efni á Reykjavik.is
- ✓ Fundargerðir og fylgigögn aðgengileg
- ✓ Opið bókhald og opin gögn
- ✓ Tölfræði og mælaborð borgarbúa

- ✗ Vantar betri yfirsýn yfir stjórnsýsluna
- ✗ Vantar að útskýra hvernig kerfið virkar
- ✗ Vantar samræmi í upplýsingamiðlun
- ✗ Of mikið af úreldum upplýsingum
- ✗ Erfitt að finna efni
- ✗ Óskýr ábyrgð og verkaskipting varðandi miðlun á efni



Getum gert ýmislegt til að stuðla að meira gagnsæi:

- Útskýrt betur hvernig stjórnkerfið virkar
- Útskýrt betur hvernig ákvarðanir eru teknar
- Miðlað betur hvaða ákvarðanir búið er að taka
- Miðlar betur hvaða ákvarðanir stendur til að taka
- Útskýrt hvernig geta íbúar komið að ákvarðanatöku

Stjórnsýslan og gagnsæi




Næstu skref

- Fylgja eftir innleiðingu Hlöðunnar
- Endurskoða efni á rvk.is > stjórnkerfi – ný Reykjavik.is
- Útskýra hvernig stjórnkerfið virkar og hvernig ákvarðanir eru teknar
- Bæta miðlun á efni úr fundargerðum
- Skýra hvernig geta íbúar haft áhrif á ákvarðanatökur
- Gera efni leitarvélavænt
- Færa okkur (eins og við getum) frá viðhengjum í html formi – miðlum véllæsilegu efni



Tímalína





Takk fyrir

